



**Kveðja  
frá  
forseta Íslands  
Ólafi Ragnari Grímssyni  
til þings Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands  
28. apríl 2006**

Ég færi forystusveit íþróttahreyfingarinnar, þingfulltrúum öllum, árnaðaróskir og þakka hið merka framlag hreyfingarinnar til að auka heilbrigði, gleði og farsæld í samfélagi okkar Íslendinga.

Íþróttahreyfingin er fremst meðal almannasamtaka í landinu, kraftur hennar mestur og þátttakan víðtækust.

Hún á ríkan þátt í uppeldi æskunnar, menntun og þroska. Á vettvangi félaganna er unnið merkilegt forvarnarstarf því að ungmenni sem stunda íþróttir verða síður fíkniefnum að bráð.

Íþróttahreyfingin er einnig í vaxandi mæli fulltrúi Íslands á alþjóðavettvangi, hefur margvísleg áhrif á orðspor okkar og heiður. Keppendur sem skara framúr eru öflugar fyrirmyndir og æskufólk um víða veröld gleðst yfir árangrinum. Aldrei fyrr hafa jafn margar milljónir verið aðdáendur íslensks íþróttafólks.

Það er vandaverk að veita slíkri hreyfingu forystu og leiðsögn, en ÍSÍ hefur notið þess að hafa í sínum röðum úrvalssveit sem með fórnfúsu starfi hefur leitt samtökin inn á nýjar brautir og lagað íþróttaiðkun að breyttum tímum, skilið að íþróttastarfið er ekki aðeins vettvangur keppni heldur líka vaxandi þáttur í heilbrigðiskerfi og lífsægðum samfélagsins.

Ellert B. Schram sem nú lætur af störfum sem forseti ÍSÍ hefur verið í stafni á umbrotatímum og farsæl forysta hans hefur styrkt hreyfinguna á margan hátt.

Á þessum tímamótum færi ég Ellert einlæggar þakkir fyrir framlag hans og góða samvinnu við embætti forseta Íslands. Hún hefur veitt mér mikla gleði og aukið skilning minn á því að sá sem kjörinn er forset ÍSÍ gengur um leið inn í sveit fremstu og áhrifaríkustu forystumanna þjóðarinnar. Því hlutverki hefur Ellert B. Schram gegnt með sóma og ég óska honum og fjölskyldu hans allra heilla í framtíðinni.

Vegna skylduverka á erlendri grundu get ég ekki sótt þingið í dag en er fullviss að störf ykkar munu leggja grundvöll að enn öflugri íþróttahreyfingu á komandi árum.

Með kærum kveðjum